


Dagný Sylvía Sævarsdóttir

Lokaorð vikunnar



Fæstir velja sér stéttina

Það er mannlegt hlutskipti að þrá einn daginn af alhug, bíða annars með skelfingu. Er því hver dagur ávallt öðrum likur, en um leið öllum hinum ólikur. Jafnvel sá dagur er rennur upp yfir lifendur samtímis, er engum tveimur peirra hinn sami. Svo margt er sinnið, svo misjafnt kjörum skipt.

Textinn er úr bók Gunnar Gunnarssonar; Svartfugl, sem að ég var að lesa núna á dögunum í skammdeginu í Danmörku. Undanfarið hefur veðrið verið hráslagalegt; rigning, vindur og kæling allt niður í mínu fjórar gráður. Það truflar mig reyndar ekki, ég klæði mig í ull frá toppi til tár og í góða úlpu yfir þegar ég fer út til að viðra Fúsa og hundinn og við njótum útiverunnar.

Í morgun fór ég út í sveit til vinkonu minnar til að borða með henni morgunmat. Á leiðinni keyrði ég fram hjá fjórum risavöxnum og snöggħærðum hrossum á beit úti á túni og hugsaði ég með mér að það væri alltof kalt fyrir svona hross að standa úti í slíkri kælingu. Ef að það hefðu verið íslenskir loðinbarðar, hefði ég ekki lyft augabrunum upp undir hársrætur. Ég sá ekki hvort þeir höfðu aðgang að skjóli en ég vona það. Það er bara almennt alltof kalt til að menn og málleysingjar séu illa klæddir úti á þessum árstíma og það á eftir að verða kaldara.

Í nýútkominni bók, Manneskusaga eftir Steinunni Ásmundsdóttur, svaf aðalpersóna bókarinnar, Björg á bakvið öskutunnur, aðeins með skjóllitið teppi yfir sér. Hún var krókloppin að innan sem utan, vafrandi alein um götur Reykjavíkur, í gauðrifnum og göttóttum fötum, 49 ára gömul.

Strax í móðurkvíði sköpuðust skjóllausar aðstæður fyrir Björgu þar sem móðirin hefur af einhverjum ástaðum verið illa í stakk búin til að ganga með barn og áfengið flæddi því um naflastrenginn og í viðkvæmt föstrið. Björg fæddist árið 1959 og strax á barnsaldri átti hún erfitt uppdráttar og þegar hún síendurtekið hrasaði og datt, var engin til að grípa hana og allra síst kerfið. Á þessum tíma, fyrir aðeins 30-40 árum síðan, voru vandamál og ljótir atburðir alltof oft þaggaðir niður.

Sem betur fer er tíðin önnur í dag og úrræðin fleiri. En samt sem áður er kjörunum enn mjög misskipt og af einhverjum völdum

á alltof margt fólk samastað á götunni.

Þegar við göngum fram hjá sofandi „hrúgu“ á kaldri stétt, liggur líklegra ein „Björg“ þar undir sem hefur dottið í lífinu og ekki verið gripin. Manneskja með sögu, sem þráir hlýju, kærleik og jafnvél börnin sín. Manneskja sem á sér von um betra líf, því að köld og skjóllaus stéttin er svefnstaður sem að fæstir velja sér.

Svo margt er sinnið skrifaði Gunnar. Hugsanir fólks og tilfinningar eru misjafnar eins og þær eru margar og því getur manneskjan sem býr í góðu skjóli þráð morgundaginn af alhug því hún hlakkar til hans og allra þeirra alsnægta sem honum fylgja, á meðan önnur manneskja þráir að lifa nöttina af og að upplifa morgundaginn, þrátt fyrir að eiga ekki neitt og engan að. Bækur eins og Manneskusaga, sem að segja sögur fólks, minna okkur oft að staldra við og að vera þakklát fyrir það sem að við höfum, en gætum við gert meira? Gott samfélag byggir sig varla sjálf.